Sjálfstæðir skólar

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík
Samráðsgátt

Reykjavík, 20. nóvember 2026

# Umsögn Sjálfstæðra skóla (SSK)

**Um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun gegn fátækt barna til ársins 2031, 286. mál, þingskjal 319.**

Sjálfstæðir skólar (SSK) taka undir markmið tillögunnar um að draga úr fátækt barna og tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til náms og þátttöku í samfélaginu, óháð efnahag fjölskyldna þeirra.

SSK vilja sérstaklega leggja áherslu á að fyrirkomulag fjármögnunar skólastarfs stuðli að jafnræði barna og skapi ekki fjárhagslegar hindranir fyrir fjölskyldur eftir því hvaða skóla börn þeirra sækja.

## Jöfn tækifæri til náms óháð rekstrarformi skóla

Í annarri stoð tillögunnar er lögð áhersla á að jafna tækifæri barna til þátttöku í skólastarfi og skipulögðu frístundastarfi.

SSK leggja áherslu á að skólakerfið gegni mikilvægu hlutverki sem jöfnunartæki í samfélaginu. Til að skólarnir geti sinnt því hlutverki þarf að tryggja fullnægjandi og sanngjarna opinbera fjármögnun skólastarfs, óháð rekstrarformi. Fjármögnun þarf að taka mið af þörfum nemenda og stuðla að því að efnahagur fjölskyldna takmarki ekki möguleika þeirra til skólavals.

SSK telja jafnframt mikilvægt að ríki og sveitarfélög horfi til þess við útfærslu stefnunnar hvernig mismunandi fyrirkomulag fjármögnunar sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla getur haft áhrif á kostnað foreldra og þar með jafnræði barna.

## Jafnt aðgengi að skólatengdum viðburðum

Í 9. aðgerð tillögunnar er fjallað um að draga úr kostnaði vegna skólatengdra viðburða í grunnskólum.

SSK leggja áherslu á að slíkar aðgerðir nái til allra nemenda, óháð rekstrarformi skóla. Komi til fjárhagslegrar þátttöku sveitarfélaga í kostnaði vegna skólatengdra viðburða þarf að tryggja að nemendur sjálfstætt starfandi skóla njóti sambærilegs stuðnings og nemendur sveitarfélagarekinna skóla.

## Samráð og framkvæmd

SSK leggja áherslu á að sjálfstætt starfandi skólar og samtök þeirra verði virkir þátttakendur í samráði um útfærslu þeirra aðgerða sem varða skólastarf. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að nýjum verkefnum og auknum kröfum fylgi fullnægjandi fjármögnun, svo framkvæmd þeirra leiði hvorki til aukinnar fjárhagslegrar byrði fyrir skólana né foreldra.

Við framkvæmd stefnunnar hvetja SSK stjórnvöld til að tryggja jafnræði barna og standa vörð um fjölbreytni og sjálfstæði í skólastarfi.

**F.h. Sjálfstæðra skóla (SSK)**

